

Hjörleifur Guttormsson
Vatnsstíg 21
101 Reykjavík
Símar 553 9100 og 897 5095

19. febrúar 2011

Framhaldsumsögn um drög að orkustefnu

Með eftirfarandi viðbót við umsögn sem ég sendi inn í gær vil ég vekja athygli á þáttum sem snerta **sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum** og sem flestir taka undir í orði að eigi að vera leiðarljós. Um er að ræða jarðhita og orku fallvatna, sem eftir gildandi lögum eru háð eignarrétti á landi.

Á árunum 1983–1988 flutti undirritaður ásamt fleirum frumvörp á Alþingi sem lutu að því að lýsa jarðhita undir yfirborði og orku fallvatna þjóðareign. Þau frumvörp náðu ekki fram að ganga. Frumvörpin voru afurð af starfi stjórnskipaðra nefnda. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1978 var ákvæði þess efnis að *djúphiti í jörðu* skyldi lýstur þjóðareign. Ég vek athygli stýrihópsins á þeirri mótsögn sem felst í því að umrædd náttúrugæði fylgi eignarrétti á landi þegar almenn stefna er sögð vera að lýsa náttúruauðlindir sameign þjóðarinnar.

Orka fallvatna

122. löggjafarþing 1997--98.
Pskj. 50 -- 50. mál.

Frumvarp til laga

um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímansdóttir,
Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon,
Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétt hafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

- a. til raforkuframleiðslu allt að 200 kw.,
- b. þeirra aðila sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir,
- c. þeirra aðila sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara; tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töl nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kw., þarf leyfi ráðherra. Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Gera skal skipulagsáætlun sem lýsi fyrirhuguðum framkvæmdum. Áður en veitt er leyfi skv. 3. gr. skal skipulagsáætlunin hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar þar sem það á við, svo og skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. 4. gr. laga nr. 19/1964, að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins. Ef um er að ræða vatnsaflsvirkjun með uppsett afl meira en 10 megavött eða vatns miðlun þar sem meira en 5 ferkílómetrar fara undir vatn getur skipulagsstjórn krafist þess að fram fari umhverfismat á kostnað framkvæmdaraðila áður en skipulagsáætlun er samþykkt.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfis hafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kw., sbr. a-lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ í 1. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, kemur: allt að 200 kw.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sjá greinargerð í fylgiskjali (ferill máls)

Jarðhiti

122. löggjafarþing 1997–98.

Þskj. 56 – 56. mál.

Frumvarp til laga

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímansdóttir,

Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon,

Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar **í allt að 100 metra dýpi**. [Sjá nánar 6. grein]
Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til upp leystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra mats manna á hvern hátt hagkvæmast ra þ hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsparfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er jarðhitarétt indi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfé lag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt ra þ bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr., nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með rétttri heimild fyrir 1. janúar 1999 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknaleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhita svæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og Náttúruverndarráðs.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúð arlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt ra ð spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníbúrdi, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnyttjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil ra ð lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglu gerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa skuli í dagbók.

Skylt ra ð láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt. Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lög um. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.
Sjá greinargerð í fylgiskjali (ferill máls)

Í greinargerðum er rakin staða þessara mála erlendis, þar sem m.a. kemur fram að í Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og víðar er jarðhiti undir yfirborði þjóðareign.

Í stað þess að fallist væri á markaða stefnu skv. ofangreindum frumvörpum setti Alþingi í krafti þáverandi ráðandi meirihluta Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks á árinu 1998 • **Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57 10. júní 1998.** Samkvæmt þeim lögum eru yfirráð auðlinda í jörðu háð eignarrétti á landi þannig t.d. að landeigandi er lýstur eigandi að jarðhita svo langt niður sem komist verður (allt að jarðarmiðju!).

Rétt er að nefna í þessu samhengi að frumvarp sem undirritaður flutti á árunum 1983–1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins innan íslenskrar efnahagslögsögu var samþykkt sem • Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, [nr. 73 18. maí 1990.](#)

Ég óska eftir því að stýrihópurinn fari yfir stöðu ofangreindra mála í ljósi þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að náttúruauðlindir á Íslandi skuli lýstar þjóðareign og ákvæði þar að lútandi fest í stjórnarskrá.

Með vinsemd og virðingu

Hjörleifur Guttormsson

Meðfylgjandi:

Ferill tveggja þingmála á 122. löggjafarþingi



Alþingi - Ferill máls 50_ - 122_ lp.htm



Alþingi - Ferill máls 56_ - 122_ lp.htm